

**SVERRIR THORSTENSEN, ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON
OG KATRÍN HERMANNSDÓTTIR**

FUGLALÍF VIÐ HUNDATJÖRN Í NAUSTAFLÓA VORIÐ 2018

**KÖNNUN GERÐ AÐ BEIÐNI
UMHVERFIS- OG MANNVIRKJASVIÐS AKUREYRAR**



Álftarpar með hreiður í Naustaflóa

Ljósmynd: Þorsteinn Þorsteinsson 29. 05. 2018


AKUREYRI SEPTEMBER 2018

EFNISYFIRLIT:

1	INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS	2
2	TALNINGARAÐFERÐIR	3
3	VARPFUGLAR	3
4	AÐRIR FUGLAR	8
5	SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR	8
6	LOKAORÐ	9
7	ÞAKKIR	9
8	HEIMILDIR	9

1 INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS

Að beiðni umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrar var gerð úttekt á fuglalífi í Naustaflóa vorið 2018 og er það sjöunda talningin frá árinu 2008.^{1,2,3,4,5,6} Svæðið er um 0,01 km² eða um 1 ha (1. mynd). Um fjórðungur svæðisins er undir vatni eða blaut mýri. Syðri hlutinn er þurrari og þar þekja tré, aðallega birki og gulvíðir, æ stærri hluta. Trjágróður hefur einnig aukist verulega nyrst á talningarsvæðinu sunnan við göngustíginn. Markmiðið með talningunum er að fylgjast með framvindu fuglalífs á svæðinu eftir að Hundatjörn og votlendið var endurheimt þegar skurður norður úr svæðinu var stíflaður sumarið 2007 og stíflugarður var byggður sumarið 2009 (1. mynd).



1. mynd. Naustaflóa. Rauð lína afmarkar talningarsvæðið. Stíflugarður sýndur með svörtu. Land undir vatni er skástrikað. Varpsvæði hettumáfa eru tvístrikuð.

2 TALNINGARAÐFERÐIR

Talningar fóru fram 18., 23. og 29. maí. Endur á tjörnunum voru taldar úr fuglaskoðunarskýlinu alla dagana. Fyrsta daginn, 18. maí, var leitað að hreiðrum og hlustað eftir spörfuglum í skógarreitum umhverfis talningarsvæðið, en 23. og 29. maí var gengið skipulega um allt svæðið og var bil á milli talningarmanna um fimm metrar. Óðalsbundnir fuglar voru merktir inn á loftmynd og einnig hreiður sem fundust. Hettumáfar voru taldir ofan af hæstu klöppinni austan svæðisins. Fjöldi varppara hettumáfa fæst með því að margfalda fjölda fugla með viðvistarstuðlinum 0,61.⁷ Fjöldi anda miðast við fjölda fundinna hreiðra eða mesta fjölda steggja í einni talningu. Aðstæður til talningar voru góðar alla dagana, léttskýjað og stillt veður.

3 VARPFUGLAR

Alls fundust 15 tegundir varpfugla á svæðinu og er það fjölgun um 3 tegundir (álft, skógarþröstur og auðnutittlingur) frá síðustu talningu vorið 2016. Fjöldi varppara var 114 og er það fækkun um 13 pör frá 2016 (sjá 1. töflu). Varpsvæði hettumáfa eru sýnd á 1. mynd. Hreiður og óðul annarra fugla en hettumáfa eru sýnd á 3. og 4. mynd.

Álft *Cygnus cygnus*

Par með hreiður með fjórum eggjum á gamla skurðruðningnum nær nyrst á svæðinu. (mynd á forsiðu). Álftin er nýr varpfugl í Naustaflóa. Fjöldi varppara var 1.

Rauðhöfðaönd *Anas penelope*

Tveir steggir og eitt par sást 23. maí. Þrjú hreiður fundust 29. maí. Eitt hreiðranna var úrétið, en í hinum voru átta og níu egg. Sama dag sást eitt par skammt frá úrétna hreiðrinu. Fjöldi varppara var 3.

Urtönd *Anas crecca*

Eitt par sást 18. maí og aftur 29. maí. Eitt hreiður með átta eggjum fannst. Fjöldi varppara var 1.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*

Fimm hreiður fundust, fjögur með eggjum og eitt útleitt. Í þremur hreiðranna voru sex egg, átta í einu en fimmta hreiðrið var ekki skoðað þar sem kollan lá á (2. mynd). Fjöldi varppara var 5.

Skúfönd *Aythya fuligula*

Stök kolla sást 23. maí. Tveir steggir og ein kolla sást 29. maí. Eitt hreiður með 11 eggjum fannst. Fjöldi varppara var 2.



2. mynd. Stokkandarkolla á hreiðri í Naustaflóa. Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 29.06.2018

Rjúpa *Lagopus muta*

Þrjú pör sáust alla talningardaga. Ekkert hreiður fannst enda stutt liðið á varptímann. Fjöldi varppara var 3.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Sjö hreiður fundust og auk þess voru óðalsbundnir hrossagaukar á tveimur stöðum syðst á svæðinu. Fullorpið (fjögur egg) var í sex af hreiðrunum, en eitt egg í einu hreiðri. Fjöldi varppara var 9.

Jaðrakan *Limosa limosa*

Alls sáust sjö óðalsbundin pör. Fjögur hreiður, öll með fjórum eggjum, fundust. Auk þess voru tvö jaðrakanegg í fullorpu stelkshreiðri með fjórum eggjum. Fjöldi varppara var 7.

Spói *Numenius phaeopus*

Eitt spóapar sást og hreiður með fjórum eggjum fannst. Fjöldi varppara var 1.

Stelkur *Tringa totanus*

Tvö stelkspör sáust. Hreiður annars þeirra fannst. Auk fjögurra stelkseggja voru tvö jaðrakanegg í hreiðrinu. Stelkur flaug af hreiðrinu þegar það fannst. Fjöldi varppara var 2.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*

Þrjú pör sáust 29. maí. Ekkert hreiður fannst enda var varptími óðinshana varla byrjaður þegar talning fór fram. Fjöldi varppara var 3.

Hettumáfur *Croicocephalus ridibundus*

Hettumáfsvarpið skiptist í tvennt. Syðri hlutinn er við Hundatjörnina en ytri hlutinn meðfram gamla skurðinum sem liggur í norðvestur frá skurðinum úr Hundatjörn. Á syðri staðnum voru alls 44 hettumáfar en 73 á ytri staðnum. Alls sáust með vissu 19 fuglar á hreiðrum á syðri staðnum, en 39 á þeim ytri. Fyrstu ungar höfðu klakist þannig að erfitt reyndist að telja hreiðrin. Heildarfjöldinn, 117 fuglar gefa 71 par þegar viðvistarstuðullinn 0,61 er notaður. Fjöldi varppara var 71.

Þúfuttittlingur *Anthus pratensis*


Syngjandi karlfuglar sáust þremur stöðum. Fjöldi varppara var 3.

Skógarpröstur *Turdus iliacus*

Tvö skógarprastarhreiður fundust, annað með fjórum eggjum en hitt með einu eggi og fjórum ungum. Fjöldi varppara var 2.

Auðnutittlingur *Carduelis flammea*

Auðnutittlingar sungu í norðurjaðri svæðisins og einnig sóttu þeir æti inn á svæðið. Ekkert hreiður fannst við talningarnar í maí, en viku af júní fannst eitt hreiður með fjórum eggjum í lágvöxnu greni nyrst. Fjöldi varppara var 1.



3. mynd. Dreifing varpfugla í Naustaflóa 2018. Álft, endur og rjúpa.

4 AÐRIR FUGLAR

Músarrindlar sungu á tveimur stöðum rétt utan talningarsvæðisins, annars vegar í skóginum vestan við fuglaskoðunarhúsið og hins vegar norðaustan stíflugarðsins. Ekki heyrðist í glókolli að þessu sinni. Hrafnar leita ætis á svæðinu og líklegt er að hrafn hafi sopið úr eggjum rauðhöfðaandarinnar. Grágæsarpar flaug yfir flóann 29. maí. Heiðlóa söng á holtinu rétt norðan talningarsvæðisins.

5 SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR

Talning nú gefur svipaða niðurstöðu og 2014 og 2016 að undanskildu því að hettumáfar voru nú rétt rúmlega 20 pörum færri (1. tafla). Álfur er nýr varpfugl á svæðinu og öndum fjölgaði úr 10 í 11 varppör frá síðustu talningu. Rjúpa stóð í stað milli talninga. Vaðfuglum fjölgaði úr 18 pörum í 22 og munar þar mestu um að jaðrakan fjölgaði um þrjú pör. Spörfuglar tvöfölduðu fjölda varppara þar sem bæði skógarþröstur og auðnutittlingur urpu nú í fyrsta sinn á talningarsvæðinu.

1.tafla. Varpfuglar við Hundatjörn í Naustaflóa 2008, 2009, 2010, 2012, 2014, 2016 og 2018

TEGUND	2008	2009	2010	2012	2014	2016	2018
Álfur	0	0	0	0	0	0	1
Grágæs	1	0	0	0	0	0	0
Rauðhöfðaönd	3	0	0	2	2	3	3
Urtönd	2	2	1	2	3	2	1
Stökkönd	4	3	3	5	2	4	5
Skúfönd	0	0	0	0	0	1	2
Rjúpa	2	1	0	2	2	3	3
Heiðlóa	0	1	0	0	0	0	0
Hrossagaukur	~4	7	6	5	7	9	9
Jaðrakan	1-2	3	4	5	4	4	7
Spói	0	1	1	2	1	1	1
Stelkur	2	4	2	1	2	1	2
Óðinshani	0	1	1	4	3	3	3
Hettumáfur	30	21	48	128	94	93	71
Þúfuttittlingur	2	0	1	3	3	3	3
Skógarþröstur	0	0	0	0	0	0	2
Auðnutittlingur	0	0	0	0	0	0	1
ALLS:	~50	44	67	159	123	127	114
FJÖLDI TEGUNDA:	10	10	9	11	11	12	15

6 LOKAORÐ

Þrjár nýjar tegundir bættust nú við, álf, skógarpröstur og auðnutittlingur. Aukinn vöxtur trjáa dregur spörfuglana skógarpröst og auðnutittling að svæðinu. Auðnutittlingar verpa eingöngu í trjám, oftast í greni eða lerki í fyrra varpi. Skógarprestir verpa bæði í trjám og á jörðu niðri. Tvö hreiður fundust, annað í grenitré en hitt á jörðinni. Áberandi er hve varp anda og vaðfugla er þétt í jöðrum blautustu svæðanna nálægt hreiðrum hettumáfanna. Syðsti hlutinn þornar enn og þar er áberandi minna varp en annars staðar á svæðinu (3. og 4. mynd). Naustaflói er gott dæmi um endurheimt votlendi og mjög áhugavert er að fylgst verði áfram reglulega með fuglalífinu á svæðinu.

7 ÞAKKIR

Sigmar Ernir Sigrúnar Ketilsson fær þakkir fyrir aðstoð við talninguna 18. maí.

8 HEIMILDIR

1. Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2008. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.
2. Sverrir Thorstensen og Snævarr Örn Georgsson 2009. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2009. Umhverfisnefnd Akureyrar. 7 bls.
3. Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir og Þorlákur Snær Helgason 2010. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2010. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.
4. Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir, Kristján Óli Sverrisson og María Ketilsdóttir 2012. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2012. Umhverfisnefnd Akureyrar. 8 bls.
5. Sverrir Thorstensen, Lára Guðmundsdóttir, Þórey Ketilsdóttir, María Ketilsdóttir og Snævarr Örn Georgsson 2014. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2014. Umhverfisnefnd Akureyrar. 8 bls.
6. Sverrir Thorstensen 2016. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2016. Umhverfisnefnd Akureyrar. 7 bls.
7. Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993. Hettumáfsvörp í Eyjafirði 1990. Bliki 13, 45-59.